

Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á varnarmálalögum, nr. 34/2008.

Frá Bjarna Benediktssyni og Ragnheiði E. Árnadóttur.

Í stað 1.–20. gr. komi ein ný grein, svohljóðandi:

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður sem orðast svo:

Utanríkisráðherra skal skipa verkefnisstjórn sem hefur það að hlutverki að gera tillögur til ráðherra um ráðstöfun verkefna Varnarmálastofnunar og niðurlagningu stofnunarinnar í kjölfar þeirra ráðstafana. Verkefnisstjórnin skal skipuð fimm einstaklingum og skal stjórnarandstaða tilnefna tvo þeirra. Við tillögugerð sína skal verkefnisstjórnin hafa samráð við Varnarmálastofnun og afla sér faglegrar þekkingar á framkvæmd öryggis- og varnarmála. Eigi síðar en 1. október 2010 skal verkefnisstjórnin skila tillögum í frumvarpsformi til utanríkisráðherra sem leggur þær fram á Alþingi ásamt öðrum viðeigandi tillögum að breytingum á lögum þessum.